

78

15. apríl

6. gr.

Sá, sem gerist brotlegur við lög þessi, með því að flytja erlendar trjáplöntur til landsins, skal sæta sektum frá 10—500 krónum, og skal upphæðin metin eftir því, hvort viðkomandi flytur inn plöntur til eigin þarfa eða ætlar þær til sölu. Plönturnar skulu gerðar upptækar, og falla þær til skógræktar ríkisins.

Sá, sem brýtur 3. grein þessara laga, með því að selja trjáplöntur hærra verði en auglýst smásöluverð heimilar, skal sæta sektum frá 100—500 krónum.

Sá, sem flytur inn trjáfræ án nauðsynlegra heilbrigðisvottorða, sætir sektum frá 10—100 kr.

Sektarfé rennur í rikissjóð.

7. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 15. apríl 1935.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

79

16. apríl

L Ö G

um breyting nokkurra laga, sem varða sölu og meðferð íslenzkra afurða.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Allur kostnaður við störf fiskimálanefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 76 29. des. 1934, þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr markaðs- og verðjöfnunarsjóði, sem myndaður er samkvæmt lögum nr. 75 29. desember 1934.

2. gr.

Allur kostnaður við störf mjólkursölunefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 1 7. jan. 1935, þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóðum, sem myndast samkvæmt þeim lögum.

3. gr.

79

Kostnaður við störf sildarútvegsnefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 74 29. des. 1934, þar með talin laun nefndarmanna, skal greiddur úr sjóði þeim, sem heimilt er að stofna samkvæmt 2. gr. þeirra laga.

16. apríl

4. gr.

Kostnaður við störf kjötverðlagsnefndar, sem skipuð er samkvæmt lögum nr. 2 9. jan. 1935, þar með talin laun nefndarmanna, greiðist úr verðjöfnunarsjóði þeim, sem myndaður er samkvæmt ákvæðum þeirra laga.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin öll þau ákvæði í lögum nr. 76 29. des. 1934, nr. 75 29. des. 1934, nr. 1 7. janúar 1935, nr. 74 29. des. 1934, og l. nr. 2 9. janúar 1935, sem fara í bága við ákvæði þessara laga.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 16. apríl 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

80

um breyting á 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 [Tekjuskattur og eignarskattur].

16. apríl

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 22. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 bætist:

Undirskattanefndarmenn þeir, er nú eru, halda starfi sínu þar til tími þeirra er útrunninn,